

## Fundur skólaráðs miðvikudaginn 30. janúar kl. 15.00.

*Fundinn sátu: Áslaug María Sigurbjargardóttir, Lovísa Anna Pálmadóttir og Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir fulltrúar foreldra, Hreinn Októ Karlsson og Ólafur Pétursson fulltrúar kennara, Ólína Sverrisdóttir og Páll Viðar Hafsteinsson fulltrúar nemenda auk Hafðísar Báru Kristmundsdóttur aðstoðarskólustjóra.*

**1. Skóladagatal 2013-2014.** Lögð fram tillaga skólustjóra grunnskóla bæjarins. Aðstoðarskólustjóri kynnti tillöguna og útskýrði rammann sem gera þarf dagatalið eftir. Skólustjórar setja fram sameiginlega tillögu og hafa samræmt tvo skipulagsdaga með leikskólum. Að þessu sinni er gerð tillaga um að breyta vetrarleyfi og fækka vetrarleyfisdögum svo ljúka megi skóla fyrir hvítasunnu. Lagt er til að í lok október verði tveir vetrarleyfis dagar ásamt skipulagsdegi svo nemendur eigi þriggja daga frí. Með því móti sé 17 vikna haustönn brotin upp. Um miðjan febrúar séu svo einn vetrarleyfisdagur og einn skipulagsdagur. Almennu tekur skólaráðið vel í þessar tillögur og tveir af þremur fulltrúum foreldra eru samþykkið. Einn fulltrúi foreldra kys heldur að halda viku vetrarleyfi í febrúar eins og verið hefur. Fram kemur að foreldrar taka börn sín úr skóla í leyfi á öllum tímum skólaársins og reynslan hefur sýnt að allmargir nemendur hafa lengt vetrar- og eða páskaleyfi. Síðan eru margar fjölskyldur sem ekki hafa tök á að fara í burtu í frí. Það að skóla ljúki ekki fyrr en viku af júní eða síðar hefur þau áhrif að t.d. sumarþúðir og fleiri tilboð hafa tekið til starfa og dæmi um nokkra nemendur sem þurfa að fá leyfi til þess að taka þátt. Fyrirhugað er að kanna hug foreldra með því að setja inn spurningu um vetrarleyfi í viðhorfakönnun sem lögð verður fyrir í febrúar. Niðurstöður þeirrar könnunar verða hafðar til viðmiðunar, einkum fyrir gerð dagtalsins 2014-2015.

**2. Skólapúlsinn – viðhorfskönnun foreldra.** Í febrúar verður lögð viðhorfskönnun fyrir foreldra í grunnskólum bæjarins. Könnunin sem er nokkuð löng er sú sama í öllum skólunum en að auki geta einstaka skólar bætt inn spurningum fyrir sig sérstaklega. Hofsstaðaskóli ætlar að kanna notkun foreldra á fjölskylduvefnum *mentor* og þeim upplýsingum sem þar er að finna um ástundun og námsframvindu nemenda. Eins og áður kemur fram verður spurt um viðhorf til vetrarleyfa. Aðstoðarskólustjóri bað foreldra um að skoða með hvaða hætti sé hægt að fá sem flesta foreldra til þess að svara könnuninni. Lagt var til að bekkjarfulltrúar sendi stutt bréf á foreldra í sínum bekk til hvatningar. Fulltrúi í foreldra segir það áhyggjuefni hversu illa gangi að virkja foreldra hvort sem er til þess að svara könnunum og eða taka þátt í verkefnum. Mikilvægt er að umsjónarkennarar hvetji foreldra líka t.d. með því að setja áminningu í tilkynningareit á heimavinnuáætlun.

**3. Samstarf við Umhverfisnefnd Garðabæjar.** Í undirbúningi er nýtt verkefni sem er styrkt af Umhverfisnefnd bæjarins. Verkefnið heitir *Náttúra í byggð* og lítur að lífríki lækjanna. Það á að hefjast í vor. Líffræðingur mun heimsækja skólana og fræða kennara og vera síðan með nemendum þegar verkefnið hefst. Fyrirmyndin að verkefninu er vel heppnað verkefni um Vífilsstaðavatn. Nemendur og fulltrúi kennara sögðu frá því verkefni. Hofsstaðaskóli verður fyrsti skólinn til þess að vinna verkefnið um lækinn og þróa það og síðan koma hinir skólarnir smám saman með.

**4. Matsalur.** Að beiðni skólustjóra er rætt um það hvað foreldrar geti gert til þess að aðstoða skólann við að bæta framkomu og umgengni nemenda í matsalnum. Einnig sagt frá þeim aðgerðum sem þegar hefur verið gripið til innan skólans. Fulltrúar foreldra eru undrandi á þeim lýsingum sem gefnar eru. Nemendur eru mjög fljótir að borða og sitja stutt við. Þeir ganga ekki nógu vel um og of margir hlýða því miður ekki skólaliðum og gera mannámun á þeim og kennurum.

## 5. Önnur mál.

**a. Óskilamunir.** Mikið magn óskilamuna er enn eftir í skólanum þrátt fyrir að foreldrar hafi komið á foreldradegi og tekið heilmikið. Nýlunda er hversu mikið er um að skór verði eftir. Skýringin er líklega sú að nemendur fara beint úr skóla á æfingar og klæða sig í fótboltaskó í skólanum, gleyma hinum skónum og koma í öðrum næsta dag. Búið er að senda ítrekun til foreldra og síðan verður fatnaðinum komið í safnkassa Rauða krossins. Foreldrar telja að foreldrafélagið geti beitt sér fyrir því að almennt verði fatnaður betur merktur t.d. með því að auglýsa að hausti sérstaka merkimiða og hafa milligöngu um samninga um slíkt. Því verður vísað til foreldrafélagsins.

**b. Söfnun á raftækjum.** Söfnunin gengur mjög vel. Fleiri fyrtæki en skólinn taka þátt t.d. bæjarskrifstofunnar.

**c. Úr skólastarfinu.** Nemendur sögðu frá því helsta sem er á döfinni í skólanum og nefndu þar fyrst Reykjaferðina sem er á dagskrá um miðjan febrúar hjá 7. bekk. Sagt var frá þorablóti 6. bekkinga og því að foreldrar í einum 6. bekknum hafa tekið sig saman og haldið dansæfingar í skólanum til þess að æfa sig fyrir dansleikinn sem haldinn er í tengslum við blótið. Nemendur læra dans í íþróttatímum.

**d. Fyrirspurnir frá foreldrum.** Spurt var hvort ekki sé sendur út vikupóstur í hverjum árgangi. Það er algilt í yngri bekkjunum en ekki reglulega í eldri bekkjum. Þar eru nemendur sjálfstæðari og meiri upplýsingar á vikuáætlun. Einnig spurt hvort nemendur eigi ekki að fara í sturtu eftir íþróttatíma. Svarið er að slíkt er ekki skylda en mælst til þess. Ástæðan er sú að hætta er á að einelti aukist og ákveðnir nemendur hætti að mæta. Betra sé að þeir mæti og fari svo í sturtu heima en að þeir mæti ekki. Auk þess sem gæsla í íþróttaklefum er ekki nægileg.

Fundi slitið kl. 16.10

*Hafdís Bára Kristmundsdóttir*